

DEMANTAR DALVÍKUR

Við bæjarins Jaðar þar sem BRIMAR okkar bjó
við bakka hér út við sæinn,
þar demanta sína á Dalvík upp dró
en drottinn, svo dó hann einn daginn.

Yfir Dalvík þá lagðist skýhula dimm
og var dagur sem að kveldi.
Dásemdin varð þann daginn svo grimm
en demantar herðast í eilífðar eldi.

Í djúpri holu á dimmum stað
þar demantar hans dvelja.
À Dalvík lengi að leyfa það
og listamanninn kvelja?

Leggjumst því á árar og lofum því
að listamanninum færum hrósið.
Að frá Dalvík dragi brátt það ský
en demantana í ljósið.

Dalvík 2017
RagnÞór

